

Samskiptavandi á meðal nemenda

Verkferlar í Flataskóla

1. Ef um minniháttar vanda er að ræða og einstakt tilvik er að ræða þá talar kennari eða starfsmaður við hlutaðeigandi nemendur. Ef mál leysist og nemendur fara sáttir frá borði þá er ekkert framhald og litið á að máli sé lokið.
2. Ef um ítrekaðan samskiptavanda er að ræða eða ef brotið er alvarlegt leitar umsjónarkennari orsaka vandans með viðtölum við nemendur og foreldra/forráðamenn þeirra. Sérstaklega er litið til þroska nemandans og aðstæðna í nemenda- og félagahópnum.
3. Einstaklingsviðtöl eru við þá nemendur sem eiga hlut að máli til að greina samskiptavandann og stöðuna enn frekar.
4. Í öllum tilvikum sem teljast alvarleg eða síendurtekin upplýsa kennarar foreldra/forráðamenn um framvindu mála og það er unnið í samvinnu við þá.
5. Haft samband við foreldra/forráðamenn viðkomandi nemenda og þeir boðaðir til fundar.
6. Kennari upplýsir og fær til liðs við sig námsráðgjafa, atferlisfræðing og/eða stjórnendur.
7. Stjórnendur halda fundi með kennurum, nemendum, foreldrum/forráðamönnum.
8. Ef málið er þess eðlis þá er það lagt fyrir nemendaverndarráð og unnið er áfram með það þar.
9. Einstaklingsviðtöl í lokin við nemendur þar sem farið er yfir niðurstöður málsins.
10. Fundur með foreldrum/forráðamönnum í lokin þar sem farið er yfir niðurstöður málsins.